

28. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 02.09 2019, Végarði kl. 13:30

Mættir voru: Eiríkur J. Kjerúlf, Gunnþórunn Ingólfsdóttir, Jóhann F. Þórhallsson og Lárus Heiðarsson. Anna Jóna Árnarsdóttir boðaði forföll og mætti Gunnar Gunnarsson 2. varamaður í hennar stað.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá

1. **Skemmubygging, Hörður Guðmundsson mætir á fundinn**
Skemmunefnd 26.07
2. **Stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga, tillaga til þingályktunar.**
3. **Hengifoss friðlýsingaráform o.fl**
Umhverfisstofnun bréf dags. 13.04 , frestað 02.04 2019
4. **Ósk um umsögn vegna útgáfu leyfis fyrir réttarball í Végarði 14.09 2019**
5. **Mál 5 sveitarfélaga á hendur íslenska ríkinu og Jöfnunarsjóði**
 - a) Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytið dags. 13.08 2019
 - b) Lex lögmannsstofa dags, 12.08 2019
6. **Bréf**
 - a) Samtök grækera á Íslandi dags. 20.08 2019
 - b) Umhverfis-og auðlindaráðuneytið dags. 15.08 2019
 - c) Afrit af bréfi Jósefs Valgarðs og Hjartar E Kjerúlf, til fjallskilaneftar , dags. 19.08 2019
7. **Fjárbeiðnir**
Félag eldri borgara á Austurlandi
8. **Umhverfisstyrkir**
Þorvarður Ingimarsson og Sólveig Ólafsdóttir, Eyrarlandi
9. **Menntunarstyrkir**
Kerstin König
10. **Fundargerðir**
 - a) Húsnefnd Végarðs 13.08
 - b) Svæðisráð austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs 06.08
 - c) Ferðamálanefnd Fljótsdalshrepps 26.08
 - d) Stjórn Verkefna-og rannsóknarsjóðs Fljótsdalshrepps og Landsbankans 26.08
 - e) Fjallskilaneftnd 23.08
11. **Samfélagsnefnd.**

- a) Starfstími nefndarinnar , endurnýjun umboðs
- b) Fundargerðir Samfélagsnefndar 23.08 og 30.08 201

12. Skýrsla oddvita

13. Önnur mál

1. Skemmubygging,

Hörður Guðmundsson formaður skemmunefndar , fór yfir hugmyndir um byggingu skemmu/iðnaðarhúsnæðis og notkunarmöguleika á byggingunni . Hörður lagði fyrir fundinn teikningar af 392 m² skemmu og tilboðs sem var aflað og tekur til fokheldrar byggingar, án milliveggja . Hörður lagði einnig fram ítarlegri kostnaðaráætlun vegna byggingarinnar , þar sem greindur er líklegur kostnaður við fullkláraða byggingu. Í framhaldi af því ræddi Hörður hugmyndir sínar um að stækka bygginguna um 200 fermetra sem ætlað væri fyrir sláturhúsaðstöðu og afurðavinnslu og áætlaðan kostnað við að stækka bygginguna.

Rætt um æskilegt væri að vinna frekari áætlun varðandi rekstur á húsinu og afla hugmynda/upplýsinga um þá nýtingarmöguleika sem nefndir hafa og fleiri. Nefnt var að efna til skoðunarferðar í bænda sláturhús og heimavinnslur.

Til að greina betur áhuga bænda í sveitinni á t.d. hugmyndum um sláturhús og vinnsluáðstöðu o.fl tengt mögulegri notkun hússins óskar sveitarstjórn eftir að Búnaðarfélagið boði til fundar með félagsmönnum sínum og fari yfir málin .

Herði er þakkað fyrir þá vinnu sem hann hefur unnið varðandi bygginguna , sveitarstjórn telur margt áhugavert koma þar fram.

Hörður yfirgaf fundinn klukkan 14:50

Skemmunefnd 26.07. Fundargerð kynnt.

2. Stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga, tillaga til þingsályktunar.

Varðar stefnumótandi áætlun um sameiningu sveitarfélaga fyrir árin 2019-2033 og aðgerðaáætlun fyrir sama tímabil. Samkvæmt tillögunni sem ráðherra samgöngu-og sveitarstjórnarmálefna hefur lagt fram og er til umsagnar á Samráðsgátt stjórnvalda til 10. september, verður ekkert sveitarfélag minna en 250 íbúar árið 2022 og ekkert sveitarfélag minna en 1000 íbúar árið 2030 , Gert ráð fyrir lögbvinguðum sameiningum , þ.e. að íbúar eigi þess ekki kost að kjósa um sameiningu við önnur sveitarfélög.

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps mótmælir öllum hugmyndum um lögbvingaðar sameiningar sveitarfélaga á Íslandi eins og þær birtast í tillögu að þingsályktun um stefnumótun áætlun í málefni sveitarfélaga og aðgerðaráætlun 2019-2026. Sveitarstjórn hvetur ríkisstjórn og Alþingi að virða lýðræðislegan sjálfsákvörðunarrétt íbúa í eigin málefnum.

Sjálfsákvörðunarrétturinn er varinn í stjórnarskrá, sveitarfélagalögum og Evrópusáttmála um sjálfsstjórn sveitarfélaga. Sveitarstjórn telur líka að þetta sé mjög stuttur fyrirvari á þvingaðri sameiningu.

Oddvita falið að senda inn umsögn sveitarfélagsins.

3. Hengifoss friðlýsingaráform o.fl

Umhverfisstofnun bréf dags. 13.04 (var frestað 02.04 2019).

Umhverfisstofnun hefur með bréfi dags. 13.03 2019, óskað eftir er eftir afstöðu Fljótsdalshrepps til að hefja viðræður við Umhverfisstofnun um mögulega friðlýsingu Hengifoss. Samkvæmt upplýsingum frá Umhverfisstofnun eru landeigendur jákvæðir fyrir þessum áformum.

Sveitarstjórn er ekki andvíg því að ferill málsins hefjist og vísar málinu til umsagnar í Byggingar-og skipulagsnefnd.

Afstaða Jóhanns F. Þórhallssonar og Eiríks J. Kjerúlf er að ef til friðlýsingar komi tilheyrir Hengifossvæðið Austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs og að tryggt verði fjármagn til reksturs og landvörslu.

4. Ósk um umsögn vegna útgáfu leyfis fyrir réttarball í Végarði 14.09 2019

Sýslumaðurinn á Austurlandi dags. 21.08 2019. Ósk um umsögn vegna útgáfu leyfis-réttarball

Fyrir liggja jákvæðar umsagnir heilbrigðiseftirlits og slökkviliðs og byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemdir. Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps veitir jákvæða umsögn um veitingu leyfisins og staðfestir að veiting leyfis er innan þeirra marka sem skipulag og reglur sveitarfélagsins segja til um.

5. Mál 5 sveitarfélaga á hendur íslenska ríkinu og Jöfnunarsjóði

a) Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytið dags. 13.08 2019

Kynnt. Tilkynnt er um greiðslur til Fljótsdalshrepps vegna skerðinga á Jöfnunarsjóðsframlögum árin 2018 og 2019.

b) Lex lögmannsstofa dags, 12.08 2019

Kynnt. Varðar sama mál og a) liður, en fram kemur að ríkið hafnar að greiða lögmannskostnað vegna málanna. Enn eru hafðar uppi kröfur fyrir hönd sveitarfélaganna varðandi það.

6. Bréf

a) Samtök grænkera á Íslandi dags. 20.08 2019. Kynnt.

b) Umhverfis-og auðlindaráðuneytið dags. 15.08 2019

Tilkynning um framlengingu á skipunartíma fulltrúa í svæðisráð Vatnajökulsþjóðgarðs.

c) Afrit af bréfi Jósefs Valgarðs og Hjartar E. Kjerúlf, til fjallskilaneftndar , dags. 19.08 2019

Kynnt.

7. Fjárbeiðnir

Félag eldri borgara á Austurlandi

Samþykkt að styrkja „Framtíðarþing um farsæla öldrun á Austurlandi “ , um 50.000 kr.

8. Umhverfisstyrkir

Þorvarður Ingimarsson og Sólveig Ólafsdóttir, Eyrarlandi. Samþykktur hámarksstyrkur.

9. Menntunarstyrkir

Kerstin König. Samþykktur styrkur að upphæð 22.000 kr, vegna námskeiðs.

10. Fundargerðir

- a) Húsnefnd Végarðs 13.08. Kynnt.
- b) Svæðisráð austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs 06.08. Kynnt.
- c) Ferðamálanefnd Fljótsdalshrepps 26.08

Kynnt. Ferðamálanefnd ítrekar beiðni sína frá fundi 12. júlí 2018 til hreppsnefndar um að hafin verði vinna við að kortleggja merka staði í Fljótsdal sem æskilegt sé að merktir verði með skiltum. Eins ítrekar nefndin hugmynd sína frá sama fundi um að tekin verði til gagnerrar skoðunar gerð skiltis við þjóðveginn inn í hreppinn þar sem á myndrænan hátt yrði lýst sérstæðri tölfræði um Fljótsdalshrepp.

- d) Stjórn Verkefna-og rannsóknarsjóðs Fljótsdalshrepps og Landsbankans 26.08. Kynnt.
- e) Fjallskilanevnd 21 og 23.08

Kynnt. Gerð var athugasemd við fundargerðina vegna þess að ekki kemur fram í henni frá hverjum erindi var sem kom til fjallskilanevndar og fjallað er um í 1 lið er. Bréfið er frá Jósef Valgarð Þorvaldssyni og Hirti E. Kjerúlf. Einnig athugasemd um að þar sem fjallað er um Múlarétt í fundargerðinni eigi að standa Glúmsstaðarétt. Þá er bent á að fundargerðin sem liggur fyrir sveitarstjórn í prentuðu formi er ekki rétt útgáfa, hvað varðar að ekki kemur skýrt fram prentuðu útgáfunni að fjallskilanevnd fundaði 2var þ.e. 21. og 23. ágúst.

Gunnar yfirgaf fundinn klukkan 17:35

Eftir ítarlegar umræður um fjallskilamál var tekin til afgreiðslu ósk fjallskilanevndar um að að smölun á Hraunum þ.e. 4 dagsverk verði greidd af sveitarfélaginu. Samþykkt

11. Samfélagsnefnd.

- a) Starfstími nefndarinnar, endurnýjun umboðs

Sveitarstjórn samþykkir að framlengja starfstíma nefndarinnar til áramóta 2022. Umboð aðalmanna er endurnýjað og varamenn eru þeir sem komu næstir í tilnefningum í nefndina. Drög að uppfærðu erindisbréfi liggja fyrir þar sem sett verða inn nöfn varamanna og skýrt hlutverk samfélagsnefndarinnar gagnvart verkefnisstjóra. Reiknað er með að erindisbréf verði frágengið til samþykktar á næsta fundi sveitarstjórnar.

- b) Fundargerðir Samfélagsnefndar 23.08 og 30.08, 2019. Kynntar.

Samfélagsnefndin fundaði ásamt Jónu Árný um ráðningu verkefnisstjóra og er sammála um að ganga til viðræðna við Ásdís Helgu Bjarnadóttur. Hún kom sterkast út úr umsóknarferlinu eftir yfirferð umsókna, viðtöl og samtal við umsagnaraðila.

Austurbrú annaðist umsóknarferlið ásamt ráðningu verkefnisstjórans og verður verkefnisstjóri starfsmaður Austurbrúar. Gert er ráð fyrir að Ásdís Helga komi til starfa fljótlega.

Sveitarstjórn fagnar ráðningu verkefnisstjórans og hlakkar til að starfa með verkefnisstjóra og Samfélagsnefnd að eflingu samfélags í Fljótsdal.

12. Skýrsla oddvita

Vegagerðin og Skógræktin hafa sent sveitarfélaginu umbeðnar upplýsingar um veggirðingar í Fljótsdal.

Jafnréttisstofa minnir á að jafnréttisáætlanir sveitarfélaga til næstu 4ra ára skulu lagðar fram til samþykktar í viðkomandi sveitarfélögum, eigi síðar en ári eftir sveitarstjórnarkosningar.

Brunaviðvörðunarkerfi Végarðs, gistihúsa og Laugarfellsskála á öll að yfirfara á hverju ári. Skoðanir kerfanna árið 2019 hafa farið fram og öll kerfi í lagi. Neysluvatnsýni í Laugarfelli sýna að vatnið er mjög basískt, án þess þó að ógna öryggi eða heilsu manna.

Sótt var um styrk úr Orkusjóði til uppsetningar rafhleðslustöðvar við Végarð.

Oddviti sat fund stjórnar og starfsmanna Rarik með sveitarfélögum á svæðinu, á Egilsstöðum 29. ágúst. Oddviti og varaoddviti sátu fund sem samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra boðaði til á Egilsstöðum 14. ágúst.

Varaoddviti annaðist afleysingu fyrir oddvita 19.-26. ágúst.

Fljótsdalsdagsdagskrá teygðist að þessu sinni yfir 3 daga frá 15-18. ágúst. Veðurfar var hátíðarhöldum heldur óhagstætt og varð t.a.m að flytja tónleika á Skriðuklaustri inn í hús. Fljótsdalshreppur tekur þátt í Ormsteiti/Héraðshátíð sem nú er haldin í september. Réttardagur í Melarétt 14. september er tilgreindur í dagskrá hátíðarinnar og einnig fyrirhugað réttarball í Végarði sama dag, þar sem hljómsveitin Reiðmenn vindanna ásamt Helga Björnssyni leika fyrir dansi.

13. Önnur mál

- a) Sveitarstjórn hefur borist erindi frá Steingrími Karlssyni vegna gangnakofa á Hrakströnd, hann er að sögn Steingríms ekki í góðu ásigkomulagi. Gangnaofinn er á afrétti Múlamanna, en lítið notaður lengur sem slíkur. Steingrímur hvetur til þess að gangnakofinn verði lagfærður og telur hann t.d. geta nýst fyrir gönguhópa. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og vísar því til skoðunar í Byggingar- og skipulagsnefnd og í framhaldi af því til fjárhagsáætlunar næsta árs.
- b) Eiríkur minnti á veggirðingamálin og sagði að það þyrfti að fá botn í það mál í samstarfi við Vegagerðina, landeigendur og Skógræktina. Einnig vakti hann máls á því að ekki eru allir ljósastaurar virkir í sveitinni, þrátt fyrir að farin hefði verið ferð til lagfæringa á árinu. Sagði að það væri gaman ef til væri landslagslíkan af sveitarfélaginu, líkt og það sem var í Végarði meðan sýning um Kárahnjúkavirkjun stóð yfir.
- c) Bygginga- og skipulagsnefnd hyggur á ferð í Fjallaskarð á næstunni og fyrirhugar þá einnig skoða framkvæmdir við slóðagerð vegna Kröflulínu 3, sem komnar eru af stað. Rætt um að sveitarstjórn verði með í för.
- d) Jóhann spurði hvað liði framkvæmdum við veg inni Glúmsstaðasel og vegslóðum inn að Ófæruseli og í Kiðafelli.

Styrkur fékkst úr Styrkvegaskjóði til áframhaldandi lagfæringa á vegi í Glúmsstaðasel og verða þær framkvæmdir í haust. Óljóst hvað verður með umræddar framkvæmdir þetta árið á slóðum er varða fjallskil, en verið er að kanna með réttarstöðu slíkra framkvæmda í Þjóðlendu (Kiðafelli). Þá er gert ráð fyrir framkvæmdum við reiðveg frá Hjarðabóli í Droplagarstaði í haust.

- e) Rekstraraðilar Laugafellsskóla hafa sagt upp leigusamningnum og rennur hann út um næstu áramót. Undirbúa þarf auglýsingu eftir nýjum rekstaraðila og ákveða með fyrirkomulag.
- f) Kynnt erindi frá NAUST er varðar ónýtar girðingar og skyldur til að fjarlægja þær.
- g) Kynntur samningur um skólaakstur skólaárið 2019-2020

Fundi slitið klukkan 20:11

Lárus ritaði fundargerð í tölvu

Gunnþórunn Ingólfsdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)